

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. apríl 2016
2016030024/42-8
TB
jgo/tb

Umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Djúpárvirkjun á vatnasviði Djúpár Skaftárhreppi


Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Djúpárvirkjun á vatnasviði Djúpár Skaftárhreppi. Í framangreindri umsókn er sérstaklega tekið fram að útfærsla þeirrar virkjunar sem nú er sótt um rannsóknaleyfi fyrir er önnur en áður hefur verið til umfjöllunar í verkefnastjórn rammaáætlunar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að svo virðist sem rannsóknasvæðið fari inn á svæði nr. 701 á náttúruminjaskrá Núpsstaður, Núpsstaðaskógur og Grænalón, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Í skránni segir að um sé að ræða „(1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar.“ Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að kanna mörk svæðis á náttúruminjaskrá betur.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

